



Dalabyggð
Miðbraut 11
370 Búðardalur

Borgarnes 12. apríl 2021
Málsnúmer: 2009183

Efni: **Stafholtsveggir II** – breyting á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022.

Varðar umsögn um breytingu á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 sbr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti á fundi nr. 204 þann 8. október 2020 tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022, til auglýsingar, skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin felst í breyttri landnotkun á 4,5 ha svæði, úr landbúnaði í verslun- og þjónustu, í landi Stafholtsveggja II í Borgarbyggð. Á svæðinu er gert ráð fyrir ferðaþjónustu með gistingu, veitingasölu o.fl. Svæðið verður merkt S11 á sveitarfélagsupprætti. Ný aðkomuleið að Stafholtsveggjum II mun tengjast núverandi heimreið austan við íbúðarhús Stafholtsveggja I.

Auglýsing tillögunnar birtist í Fréttablaðinu og í Skessuhorni 14. apríl 2021, einnig í Lögbirtingablaðinu 14. apríl 2021. Tillagan er aðgengileg á heimasíðu Borgarbyggðar www.borgarbyggd.is

Óskað er umsagnar skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Umsagnafrestur er til og með 28. maí 2021.

Skipulagsfulltrúi Borgarbyggðar veitir fúslega nánari upplýsingar verði þess óskað. Hægt er að senda tölvupóst á skipulagsfulltrui@borgarbyggd.is eða hringja í síma 433 7100.

Meðfylgjandi:

Skipulagstillaga dags. 24.03.2021

Virðingarfyllst,

Skipulagsfulltrúi Borgarbyggðar